

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202305-185/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting – Deiliskipulag - Grandi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Granda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að í núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einum byggingareit á lóðinni Grandi sem er 5.1 h að stærð. Í breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir, að á landinu verði 3 lóðir að stærðinni frá 12.600 m² til 25.200 m².

Þjósárhraun

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á Þjósárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni og tekið tillit til þess ef einhverjar jarðmyndanir eru að finna á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur